


Fjarðabyggð
Anna Berg Samúelsdóttir
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður


Reykjavík 31. ágúst 2018
UST201808-070/B.S.
10.05.00

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi - göngustígur á Grænafell - Reyðarfirði

Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar og leyfis vegna framkvæmda við göngustíg upp að Grænafelli. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 þarf ekki að sækja um leyfi Umhverfisstofnunar ef fyrirhugað er að raska birkikjarri heldur einungis umsögn. Umhverfisstofnun telur að reyna eigi að takamarka rask á skógi eins og aðstæður leyfa. Stofnunin telur mikilvægt að öryggi þeirra sem stunda útivist á þessu svæði verði tryggt þó svo að skerða þurfi birkikjarr til að umferð um svæðið verði hættuminni. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri